



Ályktun lækna ráðs Reykjalundar um framkomið frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu

Lækna ráð Reykjalundar hefur ályktað eftirfarandi á fundi sínum, 7 október 2019:

Í frumvarpinu, grein 7 a,b,c,d og e um heilsugæslustöðvar, Landspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri, hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými, dvalarrými og dagdvöl. Í engri þessara undirgreina er kveðið á um endurhæfingarstofnun eða endurhæfingu, nema í gr. 7 d um dvalarrými segir að skuli vera aðstaða til endurhæfingar fyrir „einstaklinga sem metnir hafa verið fyrir þjónustu í dvalarrými“. Reykjalundur rúmast ekki innan þessara skilgreininga. Reykjalundur er í dag stærsta endurhæfingarstofnun landsins og þar starfa milli 150 og 200 manns. Þar eru endurhæfðir milli 1100-1200 sjúklingar á ári. Frá 1978 til 2008 starfaði Reykjalundur eftir reglugerð, sem þá var felld niður. Til skoðunar hefur verið að setja nýja reglugerð fyrir starfsemina sem nú er rekin að 96% fyrir fé frá ríkinu, um þessar mundir um 2 milljarðar á ári. Reykjalundur annast auk þess kennslu háskólanema í heilbrigðisvísindum og er með samstarfssamning við HÍ og HA þar að lútandi. Á Reykjalundi eru einnig stundaðar vísindarannsóknir. Lækna ráð Reykjalundar gerir því að tillögu sinni að sett verði inn grein 7 f (eða eitthvert annað undirnúmer) sem yrði svohljóðandi:

Gr. 7 f (?)

Reykjalundur endurhæfingarstofnun

Á Reykjalundi endurhæfingarstofnun skal fara fram endurhæfing sjúklinga ýmist eftir dvöl á sjúkrahúsi eða eftir atvikum frá heilsugæslu eða sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum. Þar skal vera aðstaða fyrir fagfólk í endurhæfingu sem vinnur þverfaglega að andlegri, líkamlegri og félagslegri endurhæfingu skjólstæðinga stofnunarinnar. Þar skal auk þess vera aðstaða til að annast kennslu háskólanema í heilbrigðisvísindum svo og vera fagfólki kleift að stunda rannsóknir.

Heilbrigðisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hlutverk og starfsemi endurhæfingarstofnunarinnar á Reykjalundi og þá þjónustu sem þar er veitt.

Lækna ráð vill auk þess gera athugasemdir við framkomnar tillögur um breytingar á núverandi löggjöf er varða stjórnskipulag heilbrigðisstofnana og verður ekki séð hvernig ábyrgð og öryggi sjúklinga verði varðveitt við það skipulag sem lagt er til í frumvarpinu. Talað er um fagstjórnanda(endur) án þess að það sé í nokkru skilgreint frekar (læknir? sjúkraliði?).

Fyrir hönd lækna ráðs Reykjalundar